

## **NORÐAUSTURVEGUR UM HÓLAHEIÐI, BREYTING Á RAUFARHAFNARLEIÐ, NORÐURÞINGI**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á veglínu Raufarhafnarleiðar á Norðausturvegi og efnistaka í nýrri námu í stað námu X sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að fyrirhugaðar breytingar séu óverulegar en til bóta þar sem dregið verði úr sjónrænum áhrifum þeirra sem og áhrifum á úfið hraun.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2008.

## INNGANGUR

Þann 21. febrúar 2008 tilkynnti Vegagerðin um breytingar á Raufarhafnarleið á Norðausturvegi um Hólaheiði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með tölvupósti dags. 18. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. febrúar 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Úrskurður Skipulagsstofnunar.** Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði þann 8. ágúst 2005. Í úrskurðinum var fallist á fyrirhugaða veglagningu Norðausturvegar um Hólaheiði samkvæmt leiðum 140, 141 og 150 í 1. áfanga, leiðum 210 og 220 í 2. áfanga og leiðum 310 og 320 í 3. áfanga með fimm skilyrðum. Í fyrirbyggjandi tilkynningu er eingöngu fjallað um breytingar á 3. áfanga, Raufarhafnarleið.

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í erindinu kemur fram að breytingarnar, frá því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar úrskurðaði um, felist í eftirfarandi:

Raufarhafnarleið verði lögð í samræmi við veglínu 320 sem liggur sunnan við Raufarhafnarflugvöll. Framkvæmdir á 3. áfanga Hófaskarðsleiðar munu aðeins ná að stöð 14.200 en ekki að stöð 15.500 eins og kynnt var í matsskýrslu. Kaflinn á milli stöðva 14.200 og 15.000 á línu 320 er lagður bundnu slitlagi og tekin hefur verið ákvörðun um að hann verði ekki endurbættur í bili.

Breytingar verða á valinni veglínu 320 á nokkrum köflum. Breytingarnar eru gerðar til að framkvæmdirnar hafi í för með sér minni spjöll á landslagi og raski færri hraukum og drýlum í Kerlingarhrauni en veglínan sem sýnd var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Milli stöðva 5.000-6.000 er veglínan færð úr ósléttu landi með djúpum lægðum yfir á sléttara land og fjær Ormarsá. Á milli stöðva 7.000-8.000 er sneitt hjá nokkrum 3-4 m háum hólum. Á milli stöðva 8.500-9.000 er veglínan færð úr lægð upp á hrygg í landinu til að fá jafnari hæðarlegu. Sama gildir á milli stöðva 10.500-11.000. Á milli stöðva 13.500-14.000 er veglínan færð fjær Raufarhafnarflugvelli vegna öryggisástæðna, því uppfylla þarf kröfur um lágmarkshæð undir flugkeilu.

Við framkvæmdina verða notaðar sex námur, sem kynntar voru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar auk nýrrar hraunnámu við stöð 4.000 í stað námu X sem kynnt var í matsskýrslu. Náma X var talin illa staðsett gagnvart sjónrænum áhrifum og þar að auki er lítið af lausmassa í henni. Vegagerðin telur að auðvelt verði að fella nýja námu við stöð 4.000 að landi og hún muni ekki sjást frá veginum.

Náman við stöð 4.000 er í Kerlingarhrauni í landi Grasgeira og er staðsett um 300 m vestan við veglínuna og verður um 32.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Yfirborð hraunsins er tiltölulega slétt og nokkuð mosagróið. Leggja þarf um 300 m langan slóða að námunni. Efnistakan er í hrauni sem verði unnið að jafnaði niður um 3,5-4 m. Fláar við jaðra námunnar verða hvergi brattari en 1:1,5 sem er svipaður bratti og í núverandi hraunbrún. Yfirborð fláa og námu skal þakið með ofanafýtingu að lokinni efnistöku.

Ekki verður sáð í námusvæðið. Náman verður ekki unnin niður fyrir grunnvatnsborð. Áhrif námunnar verða sambærileg og af námu X sem metin voru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, nema hvað varðar sjónræn áhrif. Þau verða minni.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Hvorki Norðurþing né Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á landslag og náttúrufar.** Umhverfisstofnun telur fyrirhugaðar breytingar á Norðausturvegi til bóta og að fyrirliggjandi upplýsingar gefi fullnægjandi mynd af áhrifum framkvæmdanna.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingar á veglínu Raufarhafnarleiðar á Norðausturvegi og efnistöku úr nýrri námu í stað námu X. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur að fyrirhugaðar breytingar séu óverulegar en til bóta þar sem dregið verði úr sjónrænum áhrifum þeirra sem og áhrifum á úfið hraun.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á Raufarhafnarleið á Norðausturvegi um Hólaheiði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson